

Fundargerð stjórnarfundar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Tími: Mánudagur 13. mars 2023
Fundur nr. 3 2023

Mættir: Harpa Rut Hilmarsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir, Raket Norðfjörð, Sólveig Rós Másdóttir.

Teams: Bjarni Torfi og Pétur Óli Gíslason.

Boðuð forföll: Jóhanna boðaði forföll.

- Starfsmannabreytingar – Gerður var samningur um starfslok við Ellen Calmon 28. febrúar 2023. Við starfi hennar tímabundið tók Berglind Sigmarsdóttir sem áður hafði sinnt starfi fjármálastjóra. Berglind, nýr framkvæmdastjóri, þakkar traustið.
- Aðalfundur 16.maí – Bergrún fær sal Rithöfundarsambandsins undir fundinn sem er staðsettur á Dyngjuvegi okkur að kostnaðarlausu.
 - Lagabreytingar kynntar – Berglind og Þóra taka saman tillögur um lagabreytingar og senda á stjórn.
 - Framboð til stjórnarsetu 2023-25 – Tímabil fimm stjórnarmeðlima er að ljúka
 - Hverjir óska eftir að sitja áfram – Fimm stjórnarmeðlimir eru kjörnir til 2024
 - Kjörnefnd - formannshugmyndir – Nokkur nöfn hafa borist í gegnum Hoobla og mun kjörnefnd fara yfir þau.
 - Hvernig er stjórn samsett, hæfnisgreining teymis. K jörnefnd skoðar þetta.
- Fjárhagsáætlun 2023 – til staðfestingar á fundi – Berglind fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Ákveðið að einn aðili úr stjórn hafi skoðanaaðgang að reikningum Barnaheilla eftir að næsta stjórn tekur til starfa. Fjármagn hefur verið lánað á milli verkefna, þarf að geta endurspeglast í bókhaldi. Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn að 7,5 milljónir af 15 milljónum frá UTN verði greiddar út á næsta ári – 2024. Fjárhagsáætlun samþykkt af stjórn.
- Íbúð Barnaheilla við Skúlagötu – leigusamningur laus 31.7.23 – Ákveðið að fá fasteignasala til að skoða og verðmeta íbúðina. Ákvörðun tekin í kjölfarið.

Elísabet Guðmundsdóttir ritari fundargerð.
Fundu slitið 18:45.